

Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior

Hálfþekjandi hálfgljáandi viðarvörn (T)

Efnislýsing

Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior er hálfgljáandi og gegnsæ terpentínupynnaleg viðarvörn ætluð fyrir tréverk utanhúss. Efnið dregur fram viðaræðarnar og færir líf í áferð viðarins. Það hefur mikla endingu og fæst í mörgum litum.

Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar litstyrkurinn er orðinn nægilegur skal nota efnið með minni litstyrk eða glært.

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil, sérstaklega alla gljúpa fleti eins og endatré.
2. Málið yfir tvisvar sinnum með Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior.
3. Á lítið hallandi flöt og þar sem veðurálag er mikið skal bera aukaumferð.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal þússa niður uns komið er í niður í eðlilegan viðarlit.
3. Beran við skal gegndreypa með Tinova Wood Base Oil.
4. Málið yfir tvær umferðir með Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior.
5. Á lítið hallandi flöt og þar sem veðurálag er mikið skal bera aukaumferð.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun innan nokkurra klukkustunda eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum í niðurföll. Tómum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Bindiefni: Alkýð

Gljástig: Hálfgljáandi

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 6 klst.

Yfirmálun: 16 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Hreinsuð terpentína

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: Nýmálun 6-8 fermetrar pr. lítra.

Yfirmálun 8-10 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Stofnar: BC

Hreinsun: Hreinsuð terpentína

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 400 g/l.):

Inniheldur mest 399 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

Tinova Traditional Tixett Transparent Exterior er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

